

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Krabbamein

Dagsetning: 1. september 2016

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Krabbameinsmeðferð.

Í grunnvottorði læknis vegna krabbameins eru skilgreindir tveir flokkar:

Flokkur I:

- Einstaklingar í krabbameinsmeðferð og eftirmeðferð .
- Lyfjaskírteini eru gefin út fyrir einstaklinga í flokki I, sjá lyfjalista fyrir krabbamein – flokkur I.
- Lyf á listanum fá almenna greiðsluþátttöku (G –merkingu) og falla þar með inn í þrepakerfi einstaklings.

Flokkur III:

- Einstaklingar í líknandi meðferð í heimahúsi.
- Lyfjaskírteini eru gefin út fyrir einstaklinga í flokki III, sjá lyfjalista fyrir krabbamein – flokkur III.
- Lyf á listanum eru greidd að fullu af sjúkratryggingum.

Ef óskað er eftir greiðsluþátttöku í lyfi sem viðkomandi þarf að nota vegna krabbameinsmeðferðarinnar sem ekki er með almenna greiðsluþátttöku eða á listanum er hægt að sækja um það sérstaklega.

Gildistími:

Flokkur I : 3 ár

Flokkur III : 18 mánuðir